

1870.
7. nóvbr.

veittir 5 af 100 af ágóðanum fyrir reikningsárið 1866, en það verða af 944 rd. 35 sk.: 47 rd. 21 sk., og þegar búið er að draga frá 1 rd. 75 sk., sem hann hefir talið sèr til góða í reikningnum í þessu skyni, 45 rd. 42 sk., og skuli hinir fyr nefndu 14 rd. 22 sk. taldir með tekjum prentsmiðjunnar í reikningum þessa árs, en 45 rd. 42 sk. með útgjöldum hennar.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við hina fyrnefndu stjórnardeild um þetta, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að vèr föllumist á uppástungu yðar, og mælumst til þess, samkvæmt beiðni reikningsdeildarinnar, að þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sjáið um, er þèr fáíð reikninga prentsmiðjunnar, að rétt aðferð sè við höfð til þess að finna hluta forstöðumannsins, og, ef það er ekki gjört, að fá forstöðumanni reikningana aptur til þess hann semi pá á ný.

106. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um nefnd í landbúnaðarmálinu.

7. nóvbr.

Samkvæmt þegnlegri uppástungu stjórnarráðsins hefir hans hátígn konunginum þóknazt að fallast á 4. þ. m., að yður, herra stiptamtmaður, sè falið á hendur, að setja þriggja manna nefnd til að semja frumvarp til nýrra landbúnaðarlaga handa Íslandi.

Um leið og vèr samkvæmt þessu mælumst til, að þèr gjöríð þær ráðstafanir, sem með þarf til þess að setja þessa nefnd, skal hèr nokkrum orðum farið um þetta mál. Að því er snertir það atriði, hverja velja skuli í nefndina, verður stjórnarráðið samkvæmt uppástungu yðar í bréfi 30. septbr. f. á. að álíta það hagfelldast, að nefndarmenn sè sinn alþingismaðurinn úr hverju amtinu, og má að nokkru leyti firra sig vandkvæðum þeim, sem óneitanlega mundu hljótask af, að sinn er úr hverju amti, með því, að einum nefndarmanni sè falið á hendur að búa til frumvarp til undirstöðu, sem allir nefndarmenn á síðan yfir færi í sameiningu, og til þess sè tekinn tíminn rétt á undan eða eptir alþingi, en með því mætti spara ferðakostnað, sem annars yrði ekki komizt hjá. Þar sem

1870.

7. nóvbr.

Þér, herra stiptamtmaður, í fyr nefndu bræfi yðar hafið tekið til nafngreinda menn til nefndarinnar, og þar á meðal dannebrogsmann Jón Sigurðsson á Gautlöndum í Þingeyjarsýslu, verðum vèr að eins að geta þess, þaræð það að öðru leyti er á sjálfs yðar valdi, hverja þér setið í nefndina, að með því sjá má af bænarskrá frá nefndum Jóni Sigurðssyni til stjórnarráðsins, að fyrrum amtmaður í norður- og austurumdæminu Havstein hefir látið hefja lögsókn gegn honum útaf því, að hann sè grunaður um að hafa dregið andan nokkuð af tékjum ríkissjóðsins af Þingeyjarsýslu, þá er hann var settur þar sýslumaður árið 1861, er það vitaskuld, að ekki getur komið til umtals að kjósa hann í nefndina, fyr en hann sè dæmdur sýkn saka, eða þá málssóknin fallin niður.

Þess skal ennfremur getið, að stjórnarráðið þegar þar að kemur, samkvæmt sèrstakri uppástungu, mun fúst á, að veita þeim nefndarmönnum, sem eiga ekki heima í Reykjavík, hæfilega fæðispeninga fyrir þann tíma, er þeir dveljast við þetta starf þar í bænum, og svo þeim nefndarmanni, sem semur undirstöðu-frumvarpið, slíka þóknun, sem samsvari fyrirhöfn hans og því, hvernig frá verkinu sè gengið; sendum vèr yður hèr með til hagnýtingar handa nefndinni skjöl þau frá hinni íslenzku landbúnaðarnefnd, er sett var samkvæmt konungsúrskurði 23. apríl 1845, sem eru í vörzlum vorum, og eru þau talin á skrá þeirri, sem með fylgir; mælumst vèr til að fá þessi skjöl aptur, þegar búið er að nota þau, og sömuleiðis að fá vitneskju um þær ráðstafanir, sem þér gjörið, samkvæmt því, sem hèr er ritað.

22. nóvbr.

107. Bréf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austur- amtsins, um borgun fyrir flutning á betrunarhúss- fanga.

Í sambandi við bréf stjórnarráðsins 29. ágúst þ. á. tilkynnum vèr hèrmeð amtinu, til leiðbeiningar, að hingað hefir borizt skilríki frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu um það, að samn-